

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 104  
101 Reykjavík

Reykjavík 31. október 2019

### Umsögn um drög að reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar, mál nr. 213/2019.

Orkusalan fagnar öllum aðgerðum til að auka virkni á samkeppnismarkaði raforku. Við erum sammála því að það sé orðið tímabært að uppfæra og endurnýja reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar sem er orðin gömul og barn síns tíma. Við teljum jafnframt nauðsynlegt að vandað sé til verka, þetta sé unnið vel og af fagmennsku og að gefinn sé sá tími sem þarf til að ljúka þeirri vinnu.

Þar að auki viljum við benda sérstaklega á eftirfarandi atriði sem snúa að sölufyrirtækjum:

- Í fyrirbyggjandi drögum að reglugerðinni kemur fram að samningur um viðskipti með raforku milli sölufyrirtækis og almenns notanda skuli liggja til grundvallar viðskiptum með raforku og að slíkan samning sé heimilt að gera og staðfesta rafrænt svo sem með rafrænum skilríkjum. Þá kemur einnig fram að fyrir 1. janúar 2021 skulu sölufyrirtæki hafa gert staðlaðan samning við notendur um viðskipti með raforku. Virðist þannig sem í fyrirbyggjandi drögum sé gengið út frá því að söluaðilum beri skylda til að gera sérstakan samning, þó staðlaður sé, við hvern og einn viðskiptavin sem beri að staðfesta samninginn með rafrænum hætti til þess að hann öðlist gildi. Á Orkusalan erfitt með að sjá, sé þetta réttur skilningur, að þessi breyting sé til þess fallin að einfalda núverandi kerfi auk þess sem óljóst er hver tilgangurinn er raunar með henni. Í þessu sambandi telur Orkusalan rétt að benda á að hingað til hefur í viðskiptum söluaðila og notenda verið gengið út frá því að með beiðni viðskiptavinar um viðskipti við viðkomandi söluaðila samþykkir viðskiptavinur samhliða að gangast undir gildandi viðskiptaskilmála

Þess söluaðila. Staðfestir viðskiptavinur að svo sé með greiðslu fyrsta reiknings.<sup>1</sup> Umræddir skilmálar hafa því sem slíkri verið taldir staðlaðir samningar við viðkomandi viðskiptavin og hluti af gagnkvæmum samningsskyldum aðila. Skilmálar söluaðila hafa lotið athugasemdalausum eftirliti Orkustofnunar og fyrirkomulagið talið samrýmast 4. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1050/2004. Orkusalan veit ekki til þess að nokkurn tímann hafi verið gerð athugasemd við þetta fyrirkomulag í framkvæmd enda í samræmi við almennar reglur samningaréttar um skuldbindingargildi samninga. Þá er ljóst að sambærilegt fyrirkomulag er við líði innan margra viðskiptasambanda, utan raforkusölu. Einnig er rétt að hafa í huga að viðskipti söluaðila við almenna notendur varða almennt óverulega fjárhagslega hagsmuni og þá er binditími slíks notanda óverulegur. Með vísan til þessa er það mat Orkusölnunar að ekki sé nauðsynlegt að gera svo umfangsmiklar breytingar sem virðist lagt upp með í drögum. Hvað sem þessu líður er mikilvægt fyrir söluaðila að gengið sé út frá því að allar ákvarðanir um breytingar sem ákveðið verður að gera á framangreindu fyrirkomulagi séu teknar að vel ígrunduðu máli og þær gangi ekki lengra en nauðsyn er til. Þá sé mikilvægt að þær taki aðeins til nýrra viðskiptasambanda og að söluaðilar fái nægilegan aðlögunartíma til útfærslu nýrra ferla og þróunar á hugbúnaði vegna þeirra. Hér bendi Orkusalan einnig á að skýrar þarf að vera kveðið á um það í reglugerðinni um hvers konar „rafræna staðfestingu“ viðskiptavinar um ræðir, þ.e. hvort upplýst samþykki viðkomandi nægi með því að viðkomandi haki við í viðeigandi flipa eða hvort gerð sé krafa um staðfestingu hans með rafrænum skilríkjum viðkomandi, en að mati Orkusölnunar er síðarnefnda atriðið óþarflega íþyngjandi.

- Þá kemur einnig fram í drögum að reglugerðinni að sölufyrirtæki beri að gera samning við almennan notanda sem óskar eftir viðskiptum við hann. Vegna þessa teljum við nauðsynlegt að koma á framfæri að sölufyrirtæki verður að geta áskilið sér rétt til þess að synja nýjum aðila, sem ekki hefur gert sérstakan samning við sölufyrirtæki, sem og nýjum notkunarstað núverandi viðskiptavinar um afhendingu á raforku. Á þetta m.a. við ef raforkunotkun er þess eðlis að sölufyrirtæki er illkleift að afhenda umbeðið magn af orku, viðskiptavinur stendur í skuld við sölufyrirtæki, er skráður í vanskilum á vanskilaskrá eða hefur verið úrskurðaður gjaldþrota.


---

<sup>1</sup> Í viðskiptaskilmálum Orkusölnunar segir m.a.: „Viðskiptaskilmálar þessir skoðast m.a. sem staðlaðir samningar um viðskipti með raforku milli sölufyrirtækis og almenns notanda samkvæmt 4. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1050/2004. Þegar viðskiptavinur gerir raforkusölusamning við Orkusölnuna um kaup á raforku, hvort sem slíkur samningur er gerður skriflega, munnlega eða með rafrænum hætti, þá samþykkir viðskiptavinur að viðskiptaskilmálar þessir gildi um samninginn. Greiðsla fyrsta rafmagnsreiknings er ennfremur staðfesting á viðskiptasambandi og gildi viðskiptaskilmála þessara.“

- Einnig gerum við athugasemd við og teljum óþarft að sölufyrirtæki fái heimild til lokunar. Ef sölufyrirtæki telur tilefni til að rifta raforkusölusamningi, t.d. vegna vanskila eða annarra þátta, er réttara að slíkt sé tilkynnt viðskiptavininum með ákveðnum fyrirvara þar sem honum er bent á að velja sér nýtt sölufyrirtæki til að koma í veg fyrir stöðvun orkuafhendingar.

Virðingarfyllst,

f.h. Orkusölnunnar ehf.



Magnús Kristjánsson

framkvæmdastjóri